


Efni: Garðavegur 9. Umsögn vegna lóðarstækkunar.

Þann 15.5. sl. sækir Auður Brynja Eyjólfsdóttir eigandi við Garðaveg 9 eftir stækkun lóðar. Sú ósk sem lögð er fram er í takt við þær tillögur sem lagðar hafa verið fram við endurskoðun deiliskipulags Vesturbæjar. Umrætt svæði nr. 1 er í baklóð og liggur upp að lóðarmörkum Hellisgötu 28 og 30 og við Garðaveg 11. Einnig er óskað eftir stækkun út mót götu, merkt nr. 2, við lóðarmörk Garðavegar númer 7.



Tillaga skv. erindi. Stækkun baktill (merkt nr. 1) og stækkun að framanverðu (merkt.2).



Tillaga í vinnslu, endurskoðun deiliskipulags Vesturbæjar.

*Mælt er með stækkun lóðarinnar líkt og tillagan gerir ráð fyrir. Í gildi er deiliskipulag frá árinu 1981 og því þarf að sækja um deiliskipulagsbreytingu sérstaklega. Deiliskipulagsbreyting og kostnaður við gerð hennar fellur á þann sem eftir henni óskar. Eigendum er einnig bent á þann möguleika að sjá hvað endurskoðun skipulagsins felur í sér, sér í lagi þar sem sú skýringarmynd sem lögð er fram hér að ofan rímar ágætlega við óskir eigenda.*